

Framvinduskýrsla apríl – september 2013

Vefsíður

„Suðurland allt árið“ – Winter Wonderland

Í byrjun mánaðar fór fram hugmyndavinna um útlit og uppsetningu vefsíðunnar www.winterwonderland.is. Guðmundur Fannar Vigfússon verkefnisstjóri skoðaði mikið af ferðaþjónustutengdum vefsíðum, ferðablogga og aðrar vefsíður til þess að fá innblástur og hugmyndir, sérstaklega vefsíður visitnorway.com og NewZealand.com. Í framhaldi fundaði verkefnisstjórinn með Hype markaðsstofu um uppsetningu og útlit síðunnar. Menn voru sammála að breytinga væri þörf og ákveðið var að gera stílhreina og einfaldari vefsíðu.

Verkefnisstjóri hefur svo unnið að birtingaráætlun og stefnumótun WinterWonderland.is. Skapa á lifandi vef þar sem greint verður frá atburðum líðandi stundar á Suðurlandi. Verkefnisstjóri leitaði til aðila Markaðsstofu Suðurlands um að koma á framfæri viðburðum eða öðrum upptakum sem stæðu þeim nærri og vildu vekja athygli á. Viðtökurnar voru almennt góðar og hefur verkefnisstjóri nú þegar fengið ýmsar ábendingar um viðburði og upptakum af þessu tagi.

Samhliða WinterWonderland.is verður að virkja samfélagsmiðla South Iceland mun meira. Hingað til hefur notkun Facebook og Twitter verið handahófskennd og ómarkviss. Nýta þarf vefsíðuna og samfélagsmiðlana saman og á rétta vegu svo árangur náist í kynningu á Suðurlandi. Verkefnisstjóri hefur verið að kynna sér markaðssetningu á netinu og hefur fjárfest í nokkrum bókum um *content marketing* og samfélagsmiðla.

Með ráðgjöf frá **Miðar Vel**, sem sérhæfir sig í markaðssetningu á netinu eru uppi hugmyndir um ákveðnar leiðir í herferðum á Facebook og Google og hvernig hægt væri að hámarka árangur miðað við fjármagn.

Instagram

Undirbúinn hefur verið Instagram leikur þar sem ferðamenn er hvattir til að deila upplifun og ævintýrum sínum á ferðum um Suðurland. Undirbúningur er ennþá í gangi og verið er að vinna í að fá samstarfsaðila í lið með Markaðsstofu Suðurlands. Útvega þarf vegleg verðlaun fyrir bestu myndina. Áætlað er að velja eina mynd í lok hverrrar viku. Þær myndir sem verða valdar í hverri viku fara í pott og í lok desember verður kosning á vefsíðunni WinterWonderland.is um bestu myndina.

Einnig hefur komið fram hugmynd um að setja af stað svipaðan myndaleik með áherslu á yngri kynslóðina, þ.e.a.s. framhaldskóla- og grunnskólanemendur. Markmiðið með því væri að hvetja unglinga til þátttöku og deila með myndum sínum þeirra sýn á Suðurland. Útbúa þarf kynningarefni varðandi myndaleikinn og koma því í dreifingu, þ. á m. á internetinu. Einnig þarf að kynna leikinn fyrir forsvarsmönnum skóla á Suðurlandi.

Vinna við landshlutasíðuna www.south.is

Unnið hefur verið við heimasíðuna jöfnum höndum. Mesta vinnan hefur verið fólgin í hvers kyns uppfærslum fyrir ferðaþjóna. Nýir aðilar, breytingar á texta og myndauppsetningar. Gott samstarf hefur verið við starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar og ferðamálaeverkefna um allt Suðurland


Kynningarefni

Landshluta- og ímyndarbæklingar


Á vordögum hófst vinna við endurútgáfu landshlutabæklingins „South Iceland – The official tourist guide“ fyrir 2013-2014. Sendur var tölvupóstur á alla aðila að markaðsstofunni þar sem óskað var eftir því við fyrirtækin að senda inn upplýsingar um breytingar, ef einhverjar væru, á starfsemi þeirra. Einnig var sent kynningarbréf á öll fyrirtæki á Suðurlandi þar sem fyrirtækjum var gefinn kostur á að gerast aðilar að markaðsstofunni. Í sumar hafa svo borist tilkynningar frá aðilum um breytingar og uppfærslur á textum og nýjar myndir til að hafa með ítarskráningum. Fjöldmörg ný fyrirtæki hafa bæst í hóp samstarfsaðila markaðsstofunnar en einnig voru nokkur fyrirtæki sem ákváðu að endurnýja ekki aðild sína að þessu sinni. Árlega er einnig yfirfarinn og uppfærður annar texti og myndir í bæklingnum.

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir verkefnisstjóri Markaðsstofunnar hefur haft yfirumsjón með vinnu við bæklinginn.

Bæklingurinn fyrir 2013-2014 er heldur stærri en í fyrra eða um 250 blaðsíður og verður hann gefinn út í 35.000 eintökum í ár í stað 30.000 í fyrra.



Ferðapakkar



Til að tryggja rekstrargrundvöll ferðþjónustu á landsbyggðinni er mikilvægt að efla heilsársferðþjónustu. Einn liður í verkefninu „Suðurland allt árið“ eru vinnufundir með ferðþjónustuaðilum við gerð ferðapakka með áherslu á vetrarferðþjónustu um Suðurland.

Helsta markmið vinnufundanna er að ná utan um alla þjónustu og menningu sem í boði er á Suðurlandi og búa til ferðapakka til að selja og kynna á erlendum og innlendum mörkuðum.

Haldnir voru þrjár fundir í maí á Vík í Mýrdal, Hótel Flúðum og Farfuglaheimilinu í Gaulverjabæjarskóla. Afrasktur þessara funda eru sjö mismunandi ferðapakkar, ævintýraferðir, matartengdar ferðir, áramótapakki o.fl. Ætlunin er að halda tvo fundi á haustmánuðum í Hveragerði og á Höfn.

Suðurlandskort

Útbúið var landshlutakort af Suðurlandi að fyrirmynd Vestfjarðakortsins. Óskað var eftir styrkjum frá fyrirtækjum til að leggja hönd á plóg við gerð Suðurlandskortsins. Um þrettán aðilar lögðu verkefninu lið og náðist með því móti að fjármagna framleiðslu á kortunum. Kortið fór í prentun í lok júnímánaðar og fór strax í dreifingu um allt Suðurland, á upplýsingarmiðstöðvarnar sem og á Keflavíkurflugvelli. Í framhaldinu er ætlunin að útbúa borðkort þar sem ferðmönnum er kynnt það sem er í boði yfir vetrarmánuðina á Suðurlandi..

Helstur kostir við kortið

- Aukin upplýsingagjöf til ferðamanna
- Einföld kort
- Sýnilegir ferðamöguleikar um fjórðunginn, Suðurstrandarvegur og aðrar samgönguleiðir
- Tengir saman svæði á Suðurlandi og eykur kynningu fyrirtækja í Markaðsstofunni
- Styður við svæðakortin sem gefin eru út um allt Suðurland.



Welcome to South Iceland
Power and Purity
www.south.is

Winter Wonderland IS

Information centres

ABOUT SOUTH ICELAND
The South of Iceland is a unique and diverse region, offering a wide range of experiences for visitors. From the stunning landscapes of the fjords to the rich cultural heritage of the region, there is something for everyone. The South is a land of contrasts, with its rugged mountains and pristine beaches, its vibrant cities and quiet villages. It is a land of discovery and adventure, where every step leads to a new and exciting experience.

NATURE HIGHLIGHTS
The South of Iceland is a land of natural beauty, with a wealth of unique and diverse landscapes. From the towering mountains of the fjords to the pristine beaches of the coast, there is something for everyone. The South is a land of discovery and adventure, where every step leads to a new and exciting experience.

Hotels
The South of Iceland is a land of natural beauty, with a wealth of unique and diverse landscapes. From the towering mountains of the fjords to the pristine beaches of the coast, there is something for everyone. The South is a land of discovery and adventure, where every step leads to a new and exciting experience.

Restaurants
The South of Iceland is a land of natural beauty, with a wealth of unique and diverse landscapes. From the towering mountains of the fjords to the pristine beaches of the coast, there is something for everyone. The South is a land of discovery and adventure, where every step leads to a new and exciting experience.

Arion bank
Hótel LAKI
NI
GEIRLAND

Almannatengsl

Fjölmiðlar

Sem fyrr er mikið um fyrirspurnir og beiðnir um aðstoð frá erlendum fjölmiðlum um að skipuleggja og aðstoða við ferðir um Suðurland. Markaðsstofan vinnur þetta með ýmsum fyrirtækjum sem eru aðilar að Markaðsstofunni, ferðamálafulltrúum svæðanna og opinberum stofnunum, s.s. Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Það er mjög mikilvægt að sinna fjölmiðlum vel og aðstoða þá af fremsta megni við að fá ánægjulega og áhrifaríka upplifun af fjórðungnum okkar. Það skilar sér margfalt í góðri og oft öflugri kynningu.

Sýningar

Íslandsstofa stóð fyrir vinnustofum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku um miðjan maí. Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands fór sem fulltrúi markaðsstofa landshlutanna og var með kynningu á landhlutum ásamt því að veita fulltrúum ferðaskrifstofa viðtöl. Að mati framkvæmdastjóra er þetta góður vettvangur og mikilvæg viðbót við þær sýningar sem markaðsstofan hefur tekið þátt í. Í workshop-unum gefst góður tími með viðmælendum og starfsemi markaðsstofanna fær meiri fókus en annars. Kostnaður við þessi workshop var í lágmarki þar sem Íslandsstofa býður markaðsstofunum þátttöku en vart hefur orðið aukins skilnings hjá Íslandsstofu að nýta sér sérþekkingu markaðsstofanna á landsbyggðinni.



Starfsmenn Markaðsstofunnar tóku þátt í workshop-i á vegum **Iceland Reps** um miðjan maí. Í kjölfarið á sýningunni var útbúið kynningarefni fyrir MailPound. Tveggja síðna netbæklingur (eBroucher) sem hægt er að nálgast inn á sérstöku svæði MailPound. Yfir 55.000 ferðaumboðsmenn (Agentar) hafa aðgang að MailPound og miklir möguleikar til að koma sér á framfæri. Sérstakan e-Broucher má finna á Mail pound síðunni fyrir Ísland. Þetta er í fyrsta skipti sem þessir aðilar koma að sýningu sem þessari og tókst hún ágætlega þó viðmælendur væru fáir. Helsti árangur má samt vænta í tengslum við kynningarnar á vefnum.

Í tengslum við Menningarnótt tóku starfsmenn Markaðsstofunnar þátt í landshlutakynningu sem að þessu sinni var haldin í húsnæði **Around Iceland** bókunarmiðstöð við Laugarveg 18b. Hver markaðsstofa sá um að kynna sitt svæði ásamt því að listafólk var fengið til að gefa innsýn í menningu hvers landshluta. Fyrir hönd Suðurlands komu Bakkasystur úr Rangárþingi og skemmtu með söng og hljóðfæraleik. Eins voru ýmiss konar matarkynningar frá framleiðendum af landsbyggðinni svo og handverksfólk sem kom og kynnti vöru sína svo sem tréskurðarfólk og skartgripahönnuðir.

Fulltrúi Markaðstofunnar tóku þátt í að kynna Suðurland á heimsmeistaramóti íslenska hestins í Berlín í byrjun ágúst. Markaðsstofan var með aðstöðu í tjaldi sem Íslandsstofa hafði umsjón með og deildi þar bás með Kálfholti – hestaferðum. Hrafnkell Guðnason starfsmaður Háskólafélags Suðurlands fór utan á vegum Markaðsstofu Suðurlands og hafði umsjón með kynningarstarfi Markaðstofunnar á mótinu.

Tilgangur ferðar

Sumarið 2014 verður Landsmót hestamanna haldið á Hellu og munu sjónir þúsunda erlendra gesta beinast að Suðurlandi í tengslum við það. Tilgangur ferðarinnar var annars vegar að kynna þjónustu Sunnlenskra ferðapjónustuaðila og hins vegar að kynna ferðapakka sem starfsmenn Markaðstofunnar ásamt ferðapjónustuaðilum hafa verið að setja saman á síðustu vikum og mánuðum. Ennfremur var tækifærið notað til að kynna verkefni sem Markaðsstofan er samstarfsaðili að sem heitir *Icelandic Horse Expo* og er vikulangur alþjóðlegur viðburður sem haldin verður á Suðurlandi á vormánuðum 2014.



Það fyrirkomulag að Markaðsstofan deildi bás með Kálfholtsfólkinu reyndist vel, báðir aðilar voru meðvitaðir um kynningar hvors annars og þegar nánari upplýsinga var þörf var auðvelt að benda gestum á hvort annað til að fá dýpri kynningu á efninu.



Í heild má segja að ferðin hafi gengið vel, beint samband náðist við ákveðinn hóp sem er mjög tengdur landinu og er opinn fyrir að ferðast til Íslands. Það fer vel á því að sunnlenskir ferðapjónustuaðilar skapi sér beint sambandi við þennan hóp. Hjá hestaáhugamönnum í Evrópu liggja tækifæri í þjónustu utan háannar til að ferðast til Suðurlands og sækja viðburði tengda hestamennsku

Kynnisferðir um Suðurland

Hluti af vorverkum Markaðstofunnar er standa fyrir kynnisferðum fyrir innlenda söluaðila. Í lok maí var innlendum starfsmönnum frá ferðaskrifstofum, bókunar- og upplýsingamiðstöðvum boðið í kynnisferð um Árnassýslu, Rangárvallarsýslur og Skaftafellssýslur. Alls voru farnar fjórar kynnisferðir. Ferðirnar voru unnar í samvinnu með aðilum innan Markaðstofunnar á hverju svæði og fulltrúm ferðamálaaklasa. Fyrirtæki og stofnanir sem vinna að kynningu og sölu á ferðapjónustu gera orðið ráð fyrir þessum ferðum og er það ljúft að verða við þeirri beiðni að efla þekkingu starfsfólks á Suðurlandi.

Um miðjan júní bauð Markaðsstofan ásamt Icelandair 10 rússneskum agentum í ferð um Suðurland. Ferðin var skipulög mjög ítarlega og mikið lagt uppúr hvers kyns afþreyingu og

Þjónusta í fjórðungnum. Hópurinn keyrði beint inní fjórðunginn um Suðurstandarveginn um Árnassýslu, Rangárþing austur á Höfn. Frá Höfn var flogið til Reykjavíkur. Með stuðningi ferðapjóna og samstarfsaðila af mismunandi svæðum fengu þeir fjölbreytta sýn á Suðurland. Ásamt því að fyrirtækjum var gefinn kostur á að kynna sig í workshop-i tóku fulltrúar Kötlu Jarðvangs og Uppsveita Árnassýslu þátt í því að leiðsegja á sínum svæðum.

Innra starf

Stjórn og aðilar

Reglulegir stjórnarfundir eru haldnir í hverjum mánuði. Með því móti hefur stjórnin undir forystu stjórnarformanns góða yfirsýn yfir reksturinn, markar stefnuna og veitir starfseminni aðhald. Þannig hefur skapast lýðræðislegt starfsumhverfi með fulltrúum stjórnar sem koma úr mismunandi áttum atvinnulífisins.

Sem fyrr er Markaðsstofan er þátttakandi í ýmsum verkefnum tengdum uppbyggingu ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Í byrjun júní gerðist Rangárþing ytra aðili að Markaðsstofu Suðurlands. Þar með hafa öll sveitarfélög á meginlandi Suðurlands gengið til liðs við Markaðsstofuna og standa ásamt 180 ferðapjónustufyrirtækjum að baki því öfluga kynningarstarfi sem rekið er á hennar vegum.

Fyrirtækjaheimsóknir

Í sumar og haust hefur framkvæmdastjóri ásamt verkefnisstjórum ferðast vítt og breytt um fjórðunginn og heimsótt fyrirtæki og stofnanir til að kynna starfsemina og styrkja tengslin.

Stoðkerfið

Samstarf milli Íslandsstofu og markaðsstofa landshlutanna hefur þróast í rétta átt að undanförunu og komist í fastari skorður, m.a við móttöku erlends fjölmiðlafólks. Jafnframt hafa markaðsstofurnar lagt heilmikið til verkefnisins „Inspired by Iceland“ sem Íslandsstofa vinnur að. Sem dæmi höfum við aðstoðað auglýsingastofuna sem kemur að verkefninu við val á tökustöðum, viðmælendum og undirbúning innsлага í „**sunnlensk leyndarmál**“ en þar þurftum við að leggja í smá rannsóknarvinnu við að finna þjóðsögur af Suðurlandi eða öðrum atburðum sem vert er að vekja athygli á. Auk þessa á framkvæmdastjóri sæti í fagráði um ferðapjónustu hjá Íslandsstofu en það hefur sýnt sig að vera góður vettvangur til að koma hagsmunum landsbyggðarinnar á framfæri.

Samvinna við starfsmenn Ferðamálastofu er í mjög góðum farvegi. Til marks um það heldur starfsmaður Ferðamálastofu, Sigrún Hlín Sigurðardóttir, utan um ýmis samstarfsverkefni markaðsstofanna s.s. „Ísland er með'etta“ og hefur umsjón með og stjórnar mánaðarlegum samráðsfundum landshlutanna.

Meðal verkefna framundan eru:

- Pakkafundur Hveragerði og Höfn
- Undirbúningur vegna Suðurlandsdaga í nóvember í Reykjavík
- Samráðsfundur og undirbúningur vegna málþings sóknaráætlunar í október
- Uppskeruhátíð
- Kynnisferð í tengslum við ráðstefnu Ferðamálastofu í byrjun október
- FAM ferð í lok sept. í samvinnu með Icelandair Stokkhólmi og Helsinki
- Undirbúningur og þátttaka í kaupstefnum
 - VestNorden 2013 / postferðir
 - Mid-Atlantic 2014 / postferðir
- Winterwonderland.is
 - Markaðssetning á vefsíðunni
 - Greinskrif
 - Instagram leikur
- Vinna við nýja heimasíðu www.south.is
 - Greingarvinna
 - Uppsetning síðu
- Gerð borðkorts með áherslu á vetrarferðamennsku

samantekt: das/09.09.13